



# Umræðuskjal

Nr. 7/2018

Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða málsmeðferðarreglur vegna stofnunar félags með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda og form og sniðmát fyrir gögn.

8. október 2018



**FJÁRMÁLAEFTIRLITID**  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 22. október nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

### REGLUR

**um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða málsmeðferðarreglur vegna stofnunar félags með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda og form og sniðmát fyrir gögn.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

*Meðferð máls þegar starfsleyfi er veitt fyrir félag með sérstakan tilgang.*

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi getur félag með sérstakan tilgang starfað hér á landi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins enda uppfylli slíkt félag skilyrði í reglugerð sem ráðherra setur. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið setja reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdarstöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um meðferð máls þegar starfsleyfi er veitt fyrir félag með sérstakan tilgang. Í reglunum skulu einnig vera ákvæði um form á eyðublöðum vegna gagnaskila skv. 6. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið sett reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdarstöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um meðferð mála vegna samvinnu og upplýsingaskipta milli eftirlitsstjórnvalda í aðildarríkjum þegar félag með sérstakan tilgang gerir ráð fyrir áhættu vegna váttryggingafélags sem er í öðru aðildarríki en þar sem félag skv. 1. mgr. hefur starfsleyfi.

3. gr.

*Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/462 frá 19. mars 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur við samþykki eftirlitsyfirvalda um að stofna félög með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda að því er varðar félög með sérstakan tilgang, sem og form og sniðmát fyrir gögn sem félög með sérstakan tilgang eiga að skila í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/138/EB. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/462 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31. frá 9. maí 2018, bls. 1-19.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, xx. október 2018.*